



Heitavatnsborun vestan við Pennu í
Vatnsfirði

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-86-05

HEITAVATNSBORUN VESTAN VIÐ PENNU Í VATNSFIRÐI

Í okt. 1985 var boruð grunn rannsóknarhola í volgrublett inni á milli orlofshúsa Alþýðusambands Vestfjarða í s.k. Parti vestan við Pennu í Vatnsfirði. Heitasta volgran er 16,7°C heit, og rennsli einungis smáseytli. Volgrubletturinn er í um það bil 30 m hæð yfir sjó og það lítill, að ekki verður ráðið í legu uppstreymisrásar af dreifingu volgranna. Glögg brotlína með NNV-SSA-lægri stefnu liggur um volgrublettinn, ýmist sem bergstallur eða skörp geil. Fleiri volgrur álíka heitar eru bak við ásinn ofan við orlofshúsin um 400-500 m norðar. Óvíst er um tengsl þeirra við volgrurnar á milli húsanna, enda fleiri atriði komin inn í myndina þar upp frá. Hvorki volgran við orlofshúsin né hinar ofan við ásinn hafa áður verið athugaðar. Í fjallshlíðinni vestan við volgrublettinn er berggangur sem liggur ANA-VSV og stefnir þangað. Í segulmælingu fannst hann einnig austan við volgrurnar. Gangur fannst ekki í NNV-SSA brotlínunni, en sprungur með þeirri stefnu sjást í klöpp við aðalvolgruna.

Tilgangurinn með boruninni var að ákvarða legu uppstreymisrásarinnar og kanna hvort einhver umtalsverð hitaaukning yrði í borholunni. Holan var staðsett austarlega í volgrusvæðið um 3 m til hliðar (austan) við aðalsprunguna. Holan var boruð í 60 m. Hún hitti á vatnsæðar, fyrst í 46 m og svo aftur í 56-58 m. Hiti í botnæðinni er 24,8°C. Rennsli er um 1 l/s, og hiti í stút 24°C. Hiti í borholum, laugum og volgrum og efnagreiningar á vatni úr þeim benda til lægri hita en 40°C í Vatnsfirði, en nokkru meiri hita vestar, kringum Hagavaðal og í Mórudal. Hitaaukning sem fékkst við borun 60 m holunnar í Parti bendir til, að þar megi vænta uppundir 40°C heits vatns ef dýpra yrði borað. Sjálf-sagt væri að taka sýni úr borholurennslinu til efnagreiningar við hentugleika.

Ef hugað verður að frekari borunum á þessum stað þyrfti að miða við 300-500 m djúpa holu. Hún yrði staðsett nokkru austar en fyrsta holan og ofar með það fyrir augum að skera bæði ANA-VSV-ganginn og sprunguna.